

HAGF2RÁ05

Búið til: Wed, 26 Feb 2025 13:01:13 GMT

Titill

Rekstrarhagfræði

Skammstöfun

HAGF2RÁ05

Útgáfunúmer

23

Námsgrein

hagfræði

Viðfangsefni

rekstrarhagfræði

Staða

Samþykkt af skóla

Prep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Fjallað er um rekstur fyrirtækja á Íslandi og rekstrarumhverfi þeirra. Farið er í grunnatriði hagfræðinnar sem varða nýtingu framleiðslupáttanna og skilgreiningar mismunandi efnahagsheilda. Nemendur kynnast ýmsum aðferðum við flokkun fyrirtækja og kynna sér mismunandi rekstrarform. Farið er yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Kynntar eru aðferðir við gerð framleiðsluferla, framleiðsluútreikninga, gerð rekstraráætlana, framlegðarútreikninga og arðsemisútreikninga. Fjallað er um markaðssetningu og stefnumótun. Áhersla er á að nemandinn tileinki sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðskiptaumhverfi fyrirtækja á Íslandi
- flokkun fyrirtækja eftir atvinnugreinum og rekstrarformum umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja
- aðferðum sem notaðar eru í innra skipulagi fyrirtækja og framleiðslu
- hugtökum í fjárhagslegum rekstri fyrirtækja, kostnaðargreiningu og gerð rekstraráætlana
- grundvallarþáttum sem varða markaðssetningu
- grundvallarþáttum sem varða stefnumótun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- flokka fyrirtæki með hliðsjón af helstu einkennum þeirra
- lýsa framleiðslukerfum með flæðiriti og reikna út afkastagetu
- gera rekstraráætlanir með heildaraðferð og framlegðaraðferð
- reikna eigið verð vöru og hagkvæmustu framleiðslusamsetningu
- reikna út arðsemi fjárfestinga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta aðferðir rekstrarhagfræðinnar við rekstur og framleiðslu fyrirtækja

- átta sig á þeim þáttum sem skipta mestu máli við stofnun og rekstur fyrirtækja
- útskýra framleiðsluútreikninga og geta tekið ákvarðanir um framleiðslu byggðar á þeim

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati yfir áfangann. Öll vinna, þátttaka og verkefni í áfanganum gilda til einkunnar.

Skólar**Fyrirmynd**